

Samþykkt fyrir umhverfis- og ferðamálanefnd Grindavíkurbæjar.

1. gr.

Umhverfis- og ferðamálanefnd fer með umhverfis- og ferðamál bæjarins eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum og í samþykkt þessari.

2. gr.

Umhverfis- og ferðamálanefnd er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara, kosnum af bæjarstjórn. Ferðamálasamtökum Grindavíkur (Grindavík Experience) er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í nefndinni með málfrelsi og tillögurétt. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann. Kjörtímabil nefndarinnar er það sama og bæjarstjórnar. Nefndin skal halda gerðabók og skulu fundargerðir hennar sendar bæjarstjórn til staðfestingar. Fundir skulu haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði eða eins oft og þurfa þykir. Boða skal til fundar ef meirihluti nefndarmanna fer fram á slíkt. Fulltrúar í umhverfis- og ferðamálanefnd skulu gæta þagmælsku um einkamálefni fólks sem fjallað er um á fundum nefndarinnar. Fulltrúi skal víkja af fundi, og er heimilt kalla til varamann, tengist hann einstaklingum eða málum sem fjallað er um í nefndinni, þannig að spillt geti óhlutdrægni hans og valdið tortryggni.

3. gr.

Hlutverk Umhverfis- og ferðamálanefndar er:

-að gera tillögur til bæjarstjórnar um stefnu í umhverfismálum og hafa eftirlit með að stefna bæjaryfirvalda á hverjum tíma sé haldin.

-að gera tillögur til bæjarstjórnar um stefnu í málefnum ferðaþjónustu og markaðs og kynningarmálum Grindavíkurbæjar.

-að hafa forræði í umhverfismálum í bæjarfélaginu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir hverju sinni.

-að leggja mat á þá þjónustu sem veitt er á vegum sveitarfélagsins í umhverfismálum með tölulegum upplýsingum og könnunum á meðal bæjarbúa. Einnig að fjalla um þær kvartanir sem berast vegna þjónustunnar.

-að fara yfir tillögur forstöðumanna að fjárhagsáætlun hvers árs hvað varðar þá liði sem falla undir verksvið nefndarinnar og gæta þess í ákvörðunum sínum að halda áætlanir þegar að framkvæmdum kemur.

- að vera bæjarstjórn að öðru leyti til ráðuneytis í umhverfis- og ferðamálum.

4. gr.

Verkefni umhverfis- og ferðamálanefndar eru:

- að fara með verkefni samkvæmt lögum um fráveitur, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög um meðhöndlun úrgangs, skógræktar og landgræðslu skv. náttúruverndarlögum og lögum um landgræðslu og reglugerðum og samþykktum bæjarstjórnar og fylgjast með að ákvæði þeirra séu haldin.
- að hafa umsjón með árlegu vali og veitingu viðurkenninga til fyrirtækja og einstaklinga fyrir fallett umhverfi.
- að hafa umsjón með skipulagi og almennri fegrun opinna svæða í bæjarfélaginu.
- að hafa eftirlit með almennri umhirðu og sorphirðu í bæjarfélaginu.
- að annast samstarf við markaðsstofur, Reykjanes Geopark og ferðaþjónustuaðila innanlands sem utan.
- að styrkja ímynd Grindavíkur sem ákjósanlegs áfangastaðar fyrir innlenda og erlenda ferðamenn.
- að hafa frumkvæði að gerð upplýsingaefnis, leiðarvísar og annars efnis til að kynna Grindavík.
- að afla styrkja til ferða- og umhverfismála í Grindavík.
- að hafa yfirumsjón með tjaldsvæði bæjarins.
- að gera tillögu til bæjarstjórnar með gjaldskrá fyrir þjónustu tjaldsvæðis bæjarins.
- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar varðandi málefni sem tengjast Auðlindastefnu Grindavíkurbæjar.
- að vinna að öðrum þeim verkefnum sem bæjarstjórn felur nefndinni á hverjum tíma.

5. gr.

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og upplýsingafulltrúi sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Þeir eru ráðgjafar nefndarinnar og sjá um ritun fundargerða, nema nefndin ákveði annað. Þeir undirbúa fundi í samstarfi við formann og framkvæma ákvarðanir nefndarinnar eftir að bæjarstjórn hefur staðfest þær.

Um starfsmannamál fer eftir starfsmannastefnu Grindavíkurbæjar.

6. gr.

Séu ákvæði í lögum eða samstarfssamningum um seturétt aðila utan nefndarinnar, þegar um mál þeim tengd er fjallað, skal þess gætt að þau ákvæði séu uppfyllt.

Nefndin skal gæta ákvæða stjórnarsýslulaga við meðferð mála

Sett með heimild í 47. gr. samþykktar um stjórn Grindavíkurbæjar og fundarskög bæjarstjórnar nr. 1068/2014.

Samþykkt á 448. fundi bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar þann 16. desember 2014.